

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2012

2012/EES/50/13

frá 30. apríl 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 362/2011 frá 13. apríl 2011 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið mónepantel ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 363/2011 frá 13. apríl 2011 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið ísóevgenól ⁽³⁾.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32011 R 0362**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 362/2011 frá 13. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 26),
- **32011 R 0363**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 363/2011 frá 13. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 362/2011 og 363/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.